

Samantekt

Innheimtukerfi í netbanka fyrirtækja býður viðskiptavinum upp á aukinn sveigjanleika, aukna sjálfvirkni og haldgóða yfirsýn yfir stöðu innheimtumála á öllum stigum innheimtunnar.


Kröfuhafar geta skilgreint sjálfvirk innheimtuferli eftir eigin þörfum og geta einnig prentað út innheimtubréf beint úr netbankanum.

Innheimtuþjónustan býður notendum upp á fulla sjálfvirkni og sérsniðin innheimtuferli sem henta öllum greiðendum. Notendur geta valið um mismunandi innheimtubréf og ólík innheimtuferli og þannig sett saman viðeigandi innheimtuþjónustu fyrir eigin viðskiptavini. Mögulegt er að hafa fleiri en eina innheimtuþjónustu í einu og innheimta þannig ólíka hópa viðskiptavina á mismunandi hátt.

Sjálfvirkur flutningur krafna til innheimtuþjónustu eða lögfræðings er fyrir hendi. Einnig er boðið upp á rafræna birtingu reikninga í öllum heimabönkum fyrir þá sem vilja birta kröfur sínar rafrænt.

Kröfuhafar geta sótt greiðslur að morgni og keyrt beint inn í eigið bókhaldskerfi. Þessi samkeyrsla við bókhaldskerfið sparar notendum tíma við innslátt og dregur verulega úr villuhættu.

Notendum innheimtuþjónustu netbanka fyrirtækja býðst sérfræðiráðgjöf og innheimtugreining í upphafi þjónustunnar og geta einnig óskað eftir yfirferð á innheimtumálum þegar þeim hentar.



VILTU VITA MEIRA?

Ef frekari spurningar vakna við lesturinn er hægt að hafa samband í **fyrirtækjaþjónustu ráðgjafa og þjónustovers** í síma **410 9090** eða senda tölvupóst á netfangið netbanki@landsbankinn.is

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lýsing á þjónustu	4
Innheimtuferli.....	4
Beingreiðslur.....	4
Endurgreiðslur.....	4
Birtingakerfi.....	4
Innheimtupjónusta	5
Staða innheimtukrafna.....	5
Senda kröfuskrá.....	5
Sækja greiðsluskrá.....	5
Sendar kröfuskrár.....	6
Breyta greiðanda.....	6
Beingreiðslusamningar.....	6
Stofna stakar kröfur.....	6
Aðrar innsendingarleiðir	7
Krafa stofnuð í útibúi.....	7
Senda Excel skjal.....	7
Senda XML skeyti (B2B – beintenging við bókhald).....	9
Aðgerðir í netbanka fyrirtækja	9
Staða innheimtukrafna.....	9
Fella niður kröfur.....	10
Senda ábendingu og innheimtuviðvörðun.....	11
Breyta kröfu.....	12
Senda í milliinnheimtu.....	13
Greiðslufrestur.....	14
Ítrekunarbréf.....	15
Kröfuskrár	17
Senda kröfuskrá.....	17
Sækja skrá.....	17
Sækja greiðsluskrá.....	19
Innsendar kröfuskrár.....	20
Greiðendur	22
Breyta greiðanda.....	22
Beingreiðslusamningar.....	22
Stofna kröfu	22
Stofna kröfu einfalt.....	23
Stofna kröfur ítarlegt.....	24
Stofnupplýsingar þjónustu	27
Innheimtusamningur	28
Greiðsluregla o.fl.....	28
Greiðsluregla.....	28
Innborgunarregla.....	28
Kostnaður kröfu.....	29
Vanskil kröfu.....	29
Dráttarvextir kröfu.....	29
Afsláttur kröfu.....	30
Magnsendingar	31
Hausfærsla.....	32
Gagnastrengur útg. 1.40.....	33
Lokafærsla útg. 1.40.....	35
Hugtakalisti fyrir inntaksstrengi	35
Strengur fyrir millifærslur.....	42
Hugtakalisti fyrir endursenda strengi.....	44
Hugtakalisti fyrir greiðslustrengi.....	47
Hugtök og skýringar	48
Til minnis	52

Inngangur

Innheimtakerfi Landsbankans er innheimtakerfi sem notar kröfupott Reiknistofu bankanna (RB) sem bakkerfi en í hann fara allar kröfur sem stofnaðar eru í innheimtakerfinu og netbanka fyrirtækja. Á þennan hátt verða kröfur sýnilegar í öllum bönkum og sparisjóðum sem og í öllum netbönkum.

Í gegnum innheimtakerfið er hægt að fá uppgefna rétta stöðu krafna hverju sinni, kerfið heldur utanum útreikning m.a. á dráttarvöxtum, vanskilagjöldum og afslætti.

Beingreiðslur eru hluti af innheimtakerfinu þar sem viðskiptavinir fyrirtækja geta gert samning við viðskiptabanka sinn um beinar skuldfærslur af reikningum til greiðslu skulda við kröfuhafa.

Kerfið eru beinlínakerfi sem þýðir að allar aðgerðir sem eru gerðar eru framkvæmdar jafnóðum.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi að koma kröfum til stofnunar í kerfum bankans og verður þeim gerð skil hér á eftir.

Möguleikarnir eru m.a. eftirfarandi:

- Senda skrá úr bókhaldskerfi í gegnum netbankann
- Stofna staka kröfu
- Krafa stofnuð hjá þjónustufulltrúa í banka
- Hlaða Excel skjali inn í netbankann
- B2B vefþjónusta (Bank to Business)

Lýsing á þjónustu

Kröfuhafi stofnar innheimtuþjónustu við útibú sitt og þá er auðkenni valið á þjónustuna. Ef innheimta á t.d. „Fæði“ er textalykill fyrir fæði (BF) og er kröfuhafa úthlutað auðkenni sem yrði 0BF (núll BF). Hægt er að vera með fleiri en eina tegund þjónustu og fær kröfuhafi úthlutað auðkenni fyrir hverja tegund. Auðkenni fylgir hverri kröfu við stofnun og gefur til kynna hvernig innheimtunni skal háttáð t.d. hvernig vanskil skulu meðhöndluð o.fl.

Innheimtuferli

Innheimtuferli er skilgreint í upphafi samnings sem segir til um hvernig vanskil skulu meðhöndluð. Sagt er til um hvenær eða hvort eigi að senda ítrekanir og aðvaranir um frekari innheimtu og hvort nota eigi seðilgjöld og/eða vanskilagjöld sem í öllum tilfellum eru ákveðin af kröfuhafa.

Beingreiðslur

Kröfuhafi þarf ekki að gera sérstakan samning um beingreiðslur við hvern banka heldur bara við viðskiptabanka sinn. Allir kröfuhafar sem eru í innheimtuþjónustu í Landsbankanum eru merktir á þann hátt að þeir leyfi beingreiðslur. Ef kröfuhafi vill alls ekki leyfa beingreiðslur þarf að taka það sérstaklega fram.

Greiðandi gerir samning við viðskiptabanka sinn um að taka megri andvirði kröfu frá kröfuhafa beint út af reikningi greiðanda. Kröfuhafi fær skilaboð um beingreiðslukröfur í hvert sinn sem kröfur eru stofnaðar og þarf ekki að prenta greiðsluseðla á þær kröfur.

Endurgreiðslur

Fyrirtæki, sem vill geta endurgreitt greiðendum ofgreiddan kostnað, getur nýtt sér að senda endurgreiðslukröfur (kreditkröfur) í gegnum innheimtukerfið. Innheimtukerfið leggur upphæðina inn á reikning greiðanda sem er með beingreiðslusamninga og skilar því sem ekki er hægt að endurgreiða með skrá aftur til kröfuhafa.

Birtingakerfi

Með birtingakerfinu er kröfuhöfum gert mögulegt að birta fylgiskjöl, launaseðla, reikninga o.fl. Í því er hægt að birta t.d. yfirlit frá orkufyrirtækjum í stað þess að senda þau út á pappír. Með kerfinu geta greiðendur krafna einnig óskað eftir því að fá ekki sendan pappír þó svo að ekki sé um eiginlega beingreiðslu að ræða. Krafan birtist þá í heimabönkum bankanna og greiðist í gegnum þá. Birting reikninga kemur ekki í stað reikninga ef fyrirtæki er greiðandi.

Innheimtupjónusta

Staða innheimtukrafna

Kröfuhafi notar þessa aðgerð til að leita að innheimtukröfum sem þegar hafa verið stofnaðar í bankanum. Hægt er að leita eftir ýmsum skilgreiningum s.s.:

- Ástandi (greiddar, ógreiddar o.fl.)
- Leita eftir (kennitölu greiðanda, kröfunúmer o.fl.)
- Tímabilum (dags. frá og til)

Einnig er hægt að leita eftir ýmsum skilgreiningum, bæði í vaxandi og minnkandi röð.

Senda kröfuskrá

Þegar senda á kröfuskrá í gegnum netbanka Landsbankans til stofnunar í innheimtukerfum banka og sparisjóða er byrjað á því að búa til skrá í viðskiptavinabókhaldi kröfuhafa. Skráin er send inn og ef í henni eru villur birtast þær á skjánum og þær þarf að leiðrétta áður en skráin er send aftur. Athugið að sé ein villa í skránni stofnast kröfurnar ekki.

Ef engar villur eru í skrá birtast allar færslur, sem eru í skránni ásamt fjöldatölu og afstemmingu á upphæðum, á nýrri síðu. Þetta þarf að staðfesta með því að smella á hnappinn „Senda“ til að stofna kröfur í bankanum.

Eftir að skrá hefur verið send þá líða að hámarki 60 mínútum áður en krafa verður virk í öllum kerfum banka og sparisjóða þar með talið netbönkum.

Sækja greiðsluskrá

Hér birtist skrá yfir allar greiddar innheimtukröfur eftir því hvaða tímabil er valið. Skráin er ætluð til innlestrar í bókhaldskerfi kröfuhafa. Athugið að greiðsluskráin inniheldur ekki greiðslur dagsins.

Sendar kröfuskrár

Hér birtist listi yfir skrár sem hafa verið sendar og segir ástand þeirra til um hvar í ferlinu þær eru. Ákveðið tímabil er valið og skráin sótt og vistuð til að færa hana inn í bókhaldskerfið. Hægt er að sækja staka niðurstöðuliði eða alla niðurstöðuskrána sem gefur upplýsingar um hvernig kröfur voru stofnaðar í kerfinu, t.d. hvaða kröfur eru beingreiðslukröfur, hvaða kröfur þarf að prenta á pappír og hvaða kröfur fóru á villu eða eru endurgreiðslukröfur.

Breyta greiðanda

Hægt er að breyta þjóðskrárupplýsingum greiðanda. Breytingarnar gilda einungis innan þeirrar tegundar viðskipta sem valin er og ef Landsbankinn prentar út greiðsluseðla. Einnig er hægt að haka við að ekki eigi að ítreka og/eða senda til milliinnheimtu til ákveðins greiðanda þó svo að þjónustan sé að öðru leyti merkt þannig.

Beingreiðslusamningar

Kröfuhafar geta hér sótt skrá yfir alla þá sem gert hafa beingreiðslusamning við viðskiptabanka sinn.

Stofna stakar kröfur

Þegar stofna á stakar kröfur er valið að stofna einfaldar kröfu eða stofna ítarlega kröfu. Ef stofna skal ítarlega kröfu er hægt að breyta þeim viðmiðum sem innheimtusamningur segir til um. Velja þarf þá þjónustu sem stofna á kröfuna í og síðan fylla út í svæði s.s. kennitölu greiðanda, gjalddaga, eindaga o.fl. Þegar búíð er að ýta á hnappinn „Stofna“ er krafan stofnuð og verður virk í kerfum banka og sparisjóða, þar með talið netbönkum.

Aðrar innsendingarleiðir

Eins og segir í inngangi er hægt að nota fleiri leiðir en netbanka fyrirtækja til að senda inn kröfur til stofnunar í kerfi bankanna og verður þeim gerð skil hér að neðan.

Krafa stofnuð í útibúi

Kröfuhafi hefur möguleika á að koma með reikninga sína í bankann og fá þjónustufulltrúa til að stofna kröfur í innheimtukerfinu. Útibúið getur einnig séð um prentun og útsendingu greiðsluseðla.

Sendu Excel skjal

Hægt er að stofna kröfur með því að hlaða upp þar til gerðum Excel skráum í netbankann. Kröfuhafi velur milli tveggja sniðmáta; eitt fyrir ólíkar fjárhæðir meðal greiðenda og annað fyrir einsleitar fjárhæðir. Slíkar kröfur taka á sig þær innheimtureglur sem eru forskráðar hjá bankanum í samráði við kröfuhafa.

Nauðsynlegar upplýsingar í Excel skjali eru:

- Kennitala kröfuhafa
- Kennitala greiðanda
- Gjaldldagi
- Eindagi
- Niðurfellingardagur
- Fjárhæð kröfunnar
- Tilvísun

Nánari leiðbeiningar eru á næstu blaðsíðu.

Stofnun krafna – mismunandi upphæðir

#	A	B	C	D	E	F	G
1	Ktal.kröfuh.	Auðkenni	Banki kröfuhafa				
2	1234567890	37	0152				
3	ktal. Greið.	Viðskiptanr.	Upphæð	Tilvisun	Gjalddagi	Eindagi	Niðurf.dagur
4	2301521239			500	2301521239	01052013	01062013
5	1802501299			250	1802501299	01052013	01062013
6	1903462199			125	1903462199	01052013	01062013
7	2404524569			300	1234561237	01062013	01072013
8	1505754599			175	2345678901	01062013	01072013
9	1501903609			200	3456789102	01072013	01082013
10	1206703679			350	4567890312	01072013	01082013
11	2809132149			150	5678945612	01082013	01092013
12	2006784579			100	6327891230	01082013	01092013
13	1212753199			450	7890123456	01092013	01102013
14	2607023100			125	8901234567	01092013	01102013
15	1001453169			350	9012345678	01102013	01112013
16	2301521239			375	1234567890	01102013	01112013
17	1802501299			125	2345678901	01112013	01122013
18	1903462199			100	3456789012	01112013	01122013

A2 – Kennitala félags (Kröfuhafa)
B2 – Auðkenni
 ef félag er með fleiri en eina innheimtþjónustu er mikilvægt að velja rétt auðkenni þegar krafna er send inn skv. excel skjali
C2 – Banki kröfuhafa
 gæta þess að setja þann banka þar sem innheimtþjónustan er skráð.

Gætið þess að skrá dagsetningar inn með sama sniði og gert er í sýnidæminu

B4 – Viðskiptanúmer er valkvætt en er skilyrt ef hægt á að vera að setja kröfuna í beingreiðslu, mælt er með kennitölu greiðanda
D4 – Tilvisun
 það verður að setja inn tilvisun, hámark 16 stafir. Nota má sömu tilvisun fyrir allar kröfurnar

E3 – Gjalddagi
F3 – Eindagi
G3 – Niðurfellingardagur
 gæta þess að skrá dagsetningar inn með sama sniði og gert er í sýnidæmi

Stofnun krafna – sama upphæðin

#	A	B
1	Kennitala kröfuhafa	4703013920
2	Auðkenni / visir	037
3	Banki kröfuhafa	152
4	Gjalddagi	1112015
5	Eindagi	10112015
6	Niðurfellingardagur	1062013
7	Tilvisun	TILV_123456
8	Viðskiptanúmer	
9	Upphæð	150
10		
11	Kennitala greiðanda	
12	2301521239	
13	1802501299	
14	1903462199	
15	2404524569	
16	1505754599	
17	1501903609	
18	1206703679	
19	2809132149	
20	2006784579	
21	1212753199	
22	2607023100	
23	1001453169	

B1 – Kennitala félags (Kröfuhafa)
B2 – Auðkenni
 ef félag er með fleiri en eina innheimtþjónustu er mikilvægt að velja rétt auðkenni þegar krafna er send inn skv. excel skjali
B3 – Banki kröfuhafa
 gæta þess að setja þann banka þar sem innheimtþjónustan er skráð.
B4 – Gjalddagi
B5 – Eindagi
B6 – Niðurfellingardagur
 gæta þess að skrá dagsetningar inn með sama sniði og gert er í sýnidæmi

B7 – Tilvisun
 það verður að setja inn tilvisun, hámark 16 stafir
B8 – Viðskiptanúmer er valkvætt en er skilyrt ef hægt á að vera að setja kröfuna í beingreiðslu, mælt er með kennitölu greiðanda

A11 – Kennitala greiðanda
 Í reitina fyrir neðan eru settar kennitölur þeirra sem eiga að fá kröfuna. Hámark 5000 kennitölur

Gætið þess að skrá dagsetningar inn með sama sniði og gert er í sýnidæminu

Heimild:

https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/FyrirtaekiFelog/fbl/Krofustofnun_leidbeiningar.pdf

Senda XML skeyti (B2B – beintenging við bókhald)

Í B2B þjónustu Landsbankans býðst kröfuhöfum að hagnýta XML skeytasendingar við allt innheimtuferlið. Um er að ræða nokkurs konar skráarflutning sem minnkar gagnainnslátt og villuhættur. Vinnuferlar eru styttrir, hagræði í bókhaldi aukið, ásamt því sem bókonar- og staðfestingarferli í samskiptum bókhaldskerfisins við bankann er einfaldað til muna. B2B hentar öllum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum, stórum sem smáum.



Aðgerðir í netbanka fyrirtækja

Staða innheimtukrafna

Hér er hægt að skoða allar innheimtukröfur sem stofnaðar hafa verið hjá Landsbankanum fyrir þetta fyrirtæki. Staðan er framkölluð með innbyggðri leitarvél og notandinn ritar sjálfur leitarskilyrðin.

Staða innheimtukrafna ✉ ? 🖨

Þjónusta
Leit óháð þjónustu ▼

Ástand krafna
Ógreiddar ▼

Leita eftir
Engin afmörkun ▼

Tímabil
Engin afmörkun ▼ **Tímabil frá** 9.8.2011 📅 **Tímabil til** 10.8.2011 📅

Aðeins innborgaðar
 Ítarleg niðurstaða

Sækja 📄 Excel ✕

Leiðbeiningar

1. Leitarskilyrði eru valin úr fellilista.
2. Veljið tímabil ef þrengja á leit enn frekar.
3. Þegar smeltt hefur verið á „Sækja“ birtist niðurstaða leitarinnar. Listinn er breytilegur eftir því hvað sett var í leitarskilyrðin. Hægt er að fá yfirlitið í Excel-skjali og þá er það valið.



Fella niður kröfur

Ef fella á niður kröfu er „Ógreiddar“ valdar úr fellilistanum „Ástand krafna“. Hægt er að fella niður eina eða fleiri kröfur í sömu aðgerð.

Staða innheimtukrafna

Þjónusta
037 - Reikningur

Ástand krafna
Ógreiddar

Leita eftir
Engin afmörkun

Tímabil
Engin afmörkun

Tímabil frá
9.8.2011

Tímabil til
10.8.2011

Aðeins innborgaðar

Ítarleg niðurstaða

Sækja Excel

Fyrirtækjabanckinn - Yfirlit innheimtukrafna

<input type="checkbox"/>	Kennitala	Nafn	Vísir	Banki-Hb-Númer	Gjaldldagi	Eindagi	Upphæð	
<input type="checkbox"/>	0101-66-000111	Reikningur	037	0101-66-000111	18.7.2011	19.7.2011	251	Breyta
<input type="checkbox"/>	0101-66-000002	Reikningur	037	0101-66-000002	1.7.2011	16.7.2011	270	Breyta

Leiðbeiningar

1. Hakað er við þær kröfur sem fella á niður og svo smellt á „Fella niður“ neðst á síðunni.
2. Neðst á síðunnu er svo smellt á „Fella niður“



Senda ábendingu og innheimtuviðvörðun

Hægt er að senda út ábendingu og innheimtuviðvörðun á greiðanda. Þetta eru bréf sem þá eru send út burtseð frá fyrirfram skilgreindum skilyrðum þjónustunnar

Innheimtufyrirtæki
 Veljið innheimtufyrirtæki

Kröfuhafi verður að vera með samning við innheimtufyrirtæki til að geta sent kröfur í milliinnheimtu

Leiðbeiningar

Hakað er við þær kröfur sem senda á bréfin og svo smellt á senda ábendingu eða senda innheimtuviðvörðun. Bréfin verða þá send næsta virka dag með pósti.

Jón Jónsson
Laugavegi 999
101 Reykjavík

ABCD ehf
Skemmuvegi 248
200 Kópavogur
Dags. 22.02.2010

Jón Jónsson
Laugavegi 999
101 Reykjavík

ABCD ehf
Skemmuvegi 248
200 Kópavogur
Dags. 22.02.2010

Ábending um ógreidda kröfu

Dann 22.02.2010 var ógreidd eftirfarandi krafa hjá okkur:

Kennitala greiðanda: 123456-7890
Kennitala kröfuhafa: 123456-7899
Heiti innheimtu: Reikningur (37)
Tilvísun: 123456-7890

Banki	HR	Númer	Gjaldldagi	Eindagi	Kröfuupphæð
0115	66	56789	01.02.2010	05.02.2010	287.299

Samtals 287.299

Hægt er að greiða kröfuna í bönkum og sparisjóðum með því að framvísa þessari tilkynningu.

Hafi ofangreind krafa þegar verið greidd er beðist velvirðingar á viðvörðun þessari.

Kröfuhafi veitir góðfúslega nánari upplýsingar um kröfuna sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

ABCD ehf
Skemmuvegi 248
200 Kópavogur

Innheimtuviðvörðun

Dann 22.02.2010 var ógreidd eftirfarandi krafa hjá okkur:

Kennitala greiðanda: 123456-7890
Kennitala kröfuhafa: 123456-7899
Heiti innheimtu: Reikningur (37)
Tilvísun: 123456-7890
Gjaldldagi: 01.02.2010
Eindagi: 05.02.2010

Banki	HR	Númer	Kröfuupphæð	Dráttarvextir	Annar kostnaður*	Innheimtuviðvörðun
0115	66	56789	7.175	68	0	300

Samtals 7.543

Vinsamlegast greiðið sem fyrst til að forðast frekari innheimtuaðgerðir sem geta haft aukinn kostnað í för með sér. Vakin er athygli á að vanskil geta leitt til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarfarslaga.

Verði krafan eigi greidd innan 10 daga frá innheimtuviðvörðun þessari verður hún send til Intrum á Íslandi ehf, ktal. 701195-3109, Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Hægt er að greiða kröfuna í bönkum og sparisjóðum með því að framvísa þessari tilkynningu.

Hafi ofangreind krafa þegar verið greidd er beðist velvirðingar á viðvörðun þessari.

Kröfuhafi veitir góðfúslega nánari upplýsingar um kröfuna sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

ABCD ehf
Skemmuvegi 248
200 Kópavogur

*Annar kostnaður er lagður á við stofnun kröfu og er þá ekki tilkominn vegna vanskila.



Breyta kröfu

Ef breyta á kröfu er „Ógreiddar“ valdar úr fellilistanum „Ástand krafna“.

Breyta kröfu ✉ ? 🖨

Hér er hægt að breyta kröfu greiðanda með ítarlegum stillingum

Þjónusta	037 - Reikningur
Kt. greiðanda	██████████
Gjaldldagi	18.7.2011
Eindagi	19.7.2011
Niðurfelling	Innslegið 18.7.2012
Kröfunúmer	000111
Upphæð	1 Íslensk króna
Tilvisun	██████████
Viðskiptanúmer	██████████
Prenttexti	prufa

Leiðbeiningar

1. Hægt er að breyta öllum atriðum kröfu nema greiðanda og kröfunúmeri. Eigi að breyta greiðanda þarf að fella kröfuna niður og stofna nýja.
2. Breytingarnar eru slegnar inn í viðeigandi reiti og því næst smellt á „Breyta“ neðst á síðunni.



Senda í milliinnheimtu

Til að senda kröfur til milliinnheimtu þarf kröfuhafi að vera með samning við innheimtufyrirtæki. Sé samningur ekki fyrir hendi fara kröfurnar aldrei í milliinnheimtu þrátt fyrir að þær hafi verið sendar úr netbankanum.

Staða innheimtukrafna

Þjónusta
037 - Reikningur

Ástand krafna
Ógreiddar

Leita eftir
Engin afmörkun

Tímabil
Engin afmörkun

Tímabil frá
9.8.2011

Tímabil til
10.8.2011

Aðeins innáborgaðar
 Ítarleg niðurstaða

Sækja Excel

1 almenn aðvörun send

Kennitala	Nafn	Vísir	Banki-Hb-Númer	Gjaldtagi	Eindagi	Upphæð
470004-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	18.7.2011	2.8.2011	251
200000-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	1.7.2011	16.7.2011	270
470004-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	27.6.2011	27.6.2011	453
110001-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	23.6.2011	25.6.2011	202
110001-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	23.6.2011	25.6.2011	193
110001-0000	Bláa Hagkerfi	007	0101-00-000111	23.6.2011	25.6.2011	198
Fjöldi: 6 Samtals:						1.567

Fella niður Sendu ábendingu Sendu innheimtuviðvörðun

Innheimtufyrirtæki
Veljið innheimtufyrirtæki Sendu í innheimtu

Kröfuhafi verður að vera með samning við innheimtufyrirtæki til að geta sent kröfur í milliinnheimtu

Leiðbeiningar


1. Ógreiddar kröfur eru kallaðar fram.
2. Hakað er við þær kröfur sem á að senda.
3. Innheimtufyrirtæki valið úr fellilista.
4. Smellt á „Sendu í innheimtu“.



Greiðslufrestur

Hægt er að veita greiðslufrest frá áður skilgreindu innheimtuferli. Það er gert fyrir hverja kröfu fyrir sig og gerist á eftirfarandi hátt:

Veita greiðslufrest til og með :

3.8.2011  [Fresta >>](#)

[Prenta út ítrekun !\[\]\(ca216852782de66a8ec43dd2df8ecbfd_img.jpg\)](#) [Breyta >>](#)

[<< Til baka](#)

Leiðbeiningar

1. Ástand krafna er valið „Ógreiddar“ og síðan er smellt á „Sækja“.
2. Smellt á „Breyta“.
3. Dagsetning fyrir greiðslufrest slegin inn neðst á síðunni.
4. Þegar rétt dagsetning hefur verið skráð er smellt á „Fresta“.


Ef ekki er greitt áður en frestur er útrunninn hefst innheimtuferlið sem áður hafði verið skilgreint.




Ítrekunarbréf

Hægt er að senda ítrekunarbréf úr netbankanum frá kröfuhafa sem hann prentar sjálfur út og sendir. Ítrekunarbréfin eru send fyrir hverja kröfu að vali kröfuhafa. Mögulegt er að breyta texta bréfsins. Kröfur eru sóttar eins og áður hefur verið lýst.

Veita greiðslufrest til og með :

3.8.2011 



Þegar smellt er á „Prenta út ítrekun“ opnast ítrekunarbréfið í wordskjali. Hægt er að breyta textanum að eigin ósk og það svo prentað út og sent á viðkomandi greiðanda.



Jón Jónsson
Götu 1
101 Reykjavík

Kröfueigandi:
Krafa ehf
Austurstræti
101 Reykjavík

Ítrekun – Ógreidd krafa

Þann 10.8.2011 var ógreidd eftirfarandi krafa:

Eigandi kröfunnar er Krafa ehf (1234567899)
Tegund: Reikningur (37)
Tilvísun: 2234567899

Banki	Höfuðbók	Númer	Gjalddagi	Eindagi	Kröfuupphæð	Kostnaður
0101	66	000111	18.7.2011	2.8.2011	1	250

Samtals 251

Vinsamlegast greiðið sem fyrst til að forðast frekari kostnað.

Ef þú hefur glatað greiðsluseðli þessum, þá er hægt að greiða upphæðina í Landsbankanum og öðrum bönkum með því að framvísa þessari tilkynningu.

Hafi ofangreind skuld þegar verið greidd er beðist velvirðingar á þessu bréfi.

Virðingarfyllt,

Krafa ehf
1234567899
Austurstræti
101 Reykjavík



Kröfuskrár

Senda kröfuskrá


Hér er hægt að stofna innheimtukröfur í kröfupott RB (útgáfa 1.4) með því að sækja innheimtuskrá úr bókhaldi og senda til Landsbankans.

Sækja skrá

Hægt að skrá nafn og staðsetningu skrárinnar í gluggann *Nafn á skrá* á forminu *C:/heimöppu/heitiskrár.txt* og smella beint á hnappinn „Sækja“.



Nýr gluggi opnast:



Nafn skrárinnar ætti nú að birtast í glugganum „Nafn á skrá“.



Þá má smella á hnappinn „Senda skrá“. Við það opnast þessi gluggi:

Númer kröfu	Kennitala greiðanda	Gjalddagur	Eindagur	Upphæð kröfu
28	690692-	5.8.2007	8.8.2007	1

Fjöldi 1

Afstemming

Samtals 1
Afstemmingarupphæð 1
Mismunur 0

Hætta við Senda

Farið er yfir upplýsingar um færslurnar svo þær séu örugglega réttar og síðan smellt á „Senda“.

Listi yfir Innsendar kröfuskrár til að kanna stöðu innsendinga. (Hlekkurinn er líka á síðunni 'Innsendar kröfuskrár')'. A blue callout box with an arrow pointing to the link contains the text: 'Ef tekist hefur að senda kröfuskrána birtist þessi gluggi. Hægt er að kanna stöðu skrárinnar með því að smella á þennan hlekk.'"/>

Skrá send

Skrá hefur verið send til vinnslu. Vinnslan á ekki að vara lengur en 60 mínútur. Veljð [Listi yfir Innsendar kröfuskrár](#) til að kanna stöðu innsendinga. (Hlekkurinn er líka á síðunni 'Innsendar kröfuskrár')

Ef tekist hefur að senda kröfuskrána birtist þessi gluggi. Hægt er að kanna stöðu skrárinnar með því að smella á þennan hlekk.



Sækja greiðsluskrá

Hér er hægt að sækja yfirlit yfir kröfur (IK) sem hafa verið stofnaðar, greiddar og niðurfelldar og færa beint í bókhaldskerfi.

Sækja yfirlit yfir stöðu krafna

The screenshot shows the 'Sækja greiðsluskrá' (Request payment list) interface. It includes a sidebar with navigation options like 'Yfirlit', 'Erlendar greiðstur', and 'Innheimtþjónusta'. The main content area has a search filter for 'Þjónusta' (Service) set to 'Allar þjónustur' (All services), a date range from '28.8.2008' to '28.8.2008', and a 'Sækja skrá' (Request list) button. Three callouts provide instructions: 1. 'Byrjað er á því að velja þjónustuna sem krafan var stofnuð í.' (Started by selecting the service the request was made for.) 2. 'Sett er inn tímabilið sem leita skal eftir.' (The period to search for is entered.) 3. 'Smellt er á „Sækja skrá“.' (Click the 'Request list' button.)

Nú birtist gluggi sem heitir File download:

The screenshot shows a 'File Download' dialog box asking 'Do you want to save this file?'. The file name is 'prentun.dat', type is 'Unknown File Type, 746 bytes', and it's from 'www.fbl.is'. There are 'Save' and 'Cancel' buttons. Two callouts provide instructions: 1. 'Ef hætta á við aðgerðina er smellt á „Cancel“.' (If you want to cancel the action, click 'Cancel'.) 2. 'Ef smellt er á „Save“ kemur upp gluggi þar sem textaskránni er valinn staður á harða diskinn. Þegar réttur staður hefur verið valinn er smellt á „Save“.' (If you click 'Save', a dialog will appear to choose a location on the hard disk. When the correct location is chosen, click 'Save'.)

Athugið að þessi gluggi lítur öðruvísi út ef netbankinn er opnaður í Firefox. Sjálfgefið nafn skrárinnar er prentun.dat en var prentun.txt í eldra kerfinu. Ef Windows stýrikerfið er stillt þannig birtist grár gluggi, Download Complete, sem staðfestir að búið er að vista skrána. Til að skoða innihald skrárinnar er smellt á „Open Folder“ en annars „Close“. Með því að smella á Listi yfir innsendar skrár í aðgerðartré fæst listi af innsendum innheimtuskrám (sjá nánar í næsta kafla).



Innsendar kröfuskrár

Hér er hægt að sjá lista yfir innsendar innheimtuskrár.

Upplýsingar um innsendar innheimtuskrár

Innsendar kröfuskrár
Hér sést staða innsendra skráa. Hægt er að sækja staka niðurstöðuliði fyrir hverja innsendingu eða alla niðurstöðuskrá tímabilsins.

Ekki félag valið
Yfirlit
Erlendar greiðslur
Innheimtubjónusta
Staða innheimtukratna

Timabil frá: 31.8.2005 til: 1.9.2008

Birta lista Sækja niðurstöðuskrá tímabils

Ef smelt er á þennan hnapp opnast annar gluggi og þá er hægt að vista inn í tölvuna niðurstöðuskrá tímabilsins sem valið var.

Ef smelt er á hnappinn „Birta lista“ birtist listi með innsendum kröfuskrám hér fyrir neðan.

Ef smelt er á „Birta lista“ birtist svona listi fyrir neðan valda dagsetningu:

Timabil frá: 31.8.2005 til: 1.9.2008

Birta lista Sækja niðurstöðuskrá tímabils

Ef smelt er á dálkaheiti raðast listinn eftir þessum heitum.

Innsend skrá	Dags_innsendingar	Fjöldi færslna	Uppgæð	Ástand	Niðurstöðuliðir
Seekja	25.8.2008	1	2	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	25.8.2008	1	2	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.8.2008	1	1	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.8.2008	1	1	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.5.2008	1	2	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.5.2008	1	3	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.5.2008	1	2	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	20.5.2008	1	8	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	19.5.2008	1	8	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	14.5.2008	1	7	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	13.5.2008	1	7	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	7.5.2008	1	8	Bókuð	Veljð skrá
Seekja	7.5.2008	1	7	Bókuð	Veljð skrá

Ef smelt er á örvahnappinn er hægt að velja um að sjá villuskrá eða heildarniðurstöðu færslunnar.

Sé smelt á „Sækja“ er hægt að vista skrána inn í tölvuna.



Leiðbeiningar

- Hægt er að sækja innsendar skrár á tímabili sem valið er.
- Hægt er að sjá ástand skráanna (bókuð/í vinnslu), fjölda færslna og sækja skrár.
- Hér er hægt að velja villuskra þar sem villurnar birtast eingöngu. Athugið að aftast í línunni kemur ástæða villunnar fram.
- Með því að velja hnappinn „Sækja niðurstöðuskra tímabils“ koma allar sendar skrár á tímabilinu sem hefur verið valið.



Greiðendur

Breyta greiðanda

Hér eru greiðendur innheimtukrafna skráðir eða upplýsingum um þá breytt. Byrja þarf á því að velja þá þjónustu sem um ræðir og setja svo inn kennitölu greiðanda. Hér þarf eingöngu að skrá greiðendur ef senda á kröfuna á annað heimilisfang en er í þjóðskrá. Hér er einnig hægt að velja að senda greiðanda ekki ítrekanir og að kröfur hans fari ekki í milliheimtu. Kröfur annarra greiðenda fara áfram í milliinnheimtu sé þjónustan skilgreind þannig.

Breyta greiðanda

Hér er hægt að breyta upplýsingum um greiðendur í þjónustum.

Þjónusta: Veljið þjónustu
Kennitala:

Sækja verður kennitölu greiðanda áður en breytingar eru gerðar.

Greiðandi

Nafn	Götuheiti	Póstnúmer	Berist til
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Götuheiti og pósthúmer eru fyrir greiðendur sem hafa annað heimilisfang en í þjóðskrá.

Ekki ítreka
 Fer ekki í milliinnheimtu

Leiðbeiningar

1. Þjónusta greiðandans er valin í fellilista.
2. Kennitala skráð í viðeigandi reit og smellt á Sækja og birtist þá nafn og heimilisfang greiðanda sem sótt hefur verið í þjóðskrá.
3. Þessum upplýsingum er síðan breytt eins og við á.
4. Ef ekki á að senda ítrekun á greiðanda er hakað við "Ekki ítreka".
5. Ef ekki á að senda greiðanda í framhaldsinnheimtu er hakað við "Fer ekki í milliinnheimtu".
6. Smellt á Breyta.

Beingreiðslusamningar

Virkir beingreiðslusamningar fyrirtækis birtast í skrá sem sótt er á þessa síðu. Skráin er mynduð samkvæmt sérstakri færslulýsingu vegna beingreiðslna.

Beingreiðslusamningar

Fyrirtæki: Blámi-fjárfestingafélag ehf



Stofna kröfu

Stofna kröfu einfalt

Hér eru stofnaðar kröfur fyrir höfuðbók 66.

Stofna kröfur - einfalt

Pjónusta: 237 - Reikningur

Kt. greiðanda: Sækja

Gjalddagi:

Eindagi:

Niðurfelling: 12 Mánuðir

Kröfunúmer:

Upphæð:

Tilvísun:

Viðskiptanúmer:

Prenttexti:

Halda texta fyrir næstu kröfur:

Stofna kröfu >>

Nýjustu kröfumar, stofnaðar í dag

<input type="checkbox"/>	Kennitala	Nafn	Vísir	Banki-Hb-Númer	Gjalddagi	Eindagi	Upph.til greiðslu	
<input type="checkbox"/>	037		037	0101-66-000123	11.8.2011	18.8.2011	260	Breyta
<input type="checkbox"/>			037	0101-66-000124	11.8.2011	18.8.2011	300	Breyta

Fjöldi: 2 Samtals: 560

Fella niður >>

Leiðbeiningar

1. Þjónusta kröfuhafa í Landsbankanum er valin úr fellilista áður en upplýsingar um kröfuna eru slegnar inn.
2. Kennitala greiðanda, þ.e. þess sem krafan er stofnuð á, er sleginn inn og smellt á „Sækja“. Nafn greiðanda birtist þá hægra megin við hnappinn.
3. Sé ekkert slegið inn í reitina fyrir „Tilvísun“ og „Viðskiptanúmer“ kemur þar sjálfkrafa kennitala greiðanda. Athugið að viðskiptanúmer er notað sem lykill fyrir beingreiðslur.
4. Sé sleginn inn prenttexti þá birtist hann á útprentuðum greiðsluseðlum.
5. Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar er smellt á „Stofna kröfu“.
6. Neðst á síðunni er að finna þær kröfur sem stofnaðar hafa verið innan dagsins. Þar er hægt að breyta og fella þær niður.



Stofna kröfur ítarlegt

Hægt er að stofna kröfu sem ekki á að fylgja því innheimtuferli sem búið er að skilgreina í innheimtusamningi. Glugginn lítur eins út og sést á myndinni nema að fyrir neðan leiðbeiningarnar birtist skilgreining á þjónustu samkvæmt innheimtusamningi.

Stofna kröfur - ítarlegt ✉ ? 🖨

Þjónusta 037 - Reikningur ▼

Kt. greiðanda Sækja

Gjalddagi

Eindagi

Niðurfelling 12 Mánuðir ▼

Kröfunúmer

Upphæð Íslensk króna ▼

Tilvísun

Viðskiptanúmer

Prenttexti

Halda texta fyrir næstu kröfur

Skilgreining á innheimtuþjónustu (sjálfgefin)

Greiðsluskilyrði

Kostnaður kröfu

Vanskil kröfu

Dráttarvextir kröfu

Afsláttur kröfu

Stofna kröfu - ítarlegt >>

Nýjustu kröfumnar, stofnaðar í dag

<input type="checkbox"/>	Kennitala	Nafn	Vísir	Banki-Hb-Númer	Gjalddagi	Eindagi	Upph.til greiðslu	
<input type="checkbox"/>	037001-1000	ÞÓRVALDUR ÞÓRVALDSSON	037	0101-66-000123	11.8.2011	18.8.2011	260	Breyta ▼
<input type="checkbox"/>	037001-1000	ÞÓRVALDUR ÞÓRVALDSSON	037	0101-66-000124	11.8.2011	18.8.2011	300	Breyta ▼

Fjöldi: 2 Samtals: 560



Leiðbeiningar

1. Þjónusta kröfuhafa í Landsbankanum er valin úr fellilista áður en upplýsingar um kröfuna eru slegnar inn.
2. Kennitala greiðanda, þ.e. þess sem krafan er stofnuð á, er sleginn inn og smelt á „Sækja“. Nafn greiðanda birtist þá hægra megin við hnappinn.
3. Sé ekkert slegið inn í reitina fyrir „Tilvísun“ og „Viðskiptanúmer“ kemur þar sjálfkrafa kennitala greiðanda. Athugið að viðskiptanúmer er notað sem lykill fyrir beingreiðslur.
4. Sé sleginn inn prenttexti þá birtist hann á útprentuðum greiðsluseðlum.
5. Smellt er á plús-hnappana til að opna hverja skilgreiningu fyrir sig og yfirfara eða skrá þar upplýsingar. Nánar er farið í þessa liði hér fyrir neðan.
6. Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar er smellt á „Stofna kröfu“.
7. Neðst á síðunni er að finna þær kröfur sem stofnaðar hafa verið innan dagsins. Þar er hægt að breyta og fella þær niður.

The screenshot shows a web form for creating a loan request. It is divided into several sections, each with a plus icon to expand it. Blue callout boxes with arrows point to specific fields and options, providing instructions in Icelandic.

- Greiðsluskilyrði:** Includes "Greiðsluregla" with radio buttons for "Greiða má alla gjalddaga" and "Greiða verður elsta gjalddaga fyrst". A callout box says: "Hér er hakað við viðeigandi reiti til að ákvarða greiðslu- og innborgunarreglu."
- Innborgunarregla:** Includes a checkbox for "Innborganir heimilar".
- Kostnaður kröfu:** Includes input fields for "Seðilgjald", "Rafrænt seðilgjald", and "Annar kostnaður", each with a "Kr." label. A callout box says: "Kostnaður við gerð og prentun kröfugjalds leggst á kröfugreiðanda."
- Vanskil kröfu:** Includes a dropdown for "Vanskilgjaldsregla" (set to "Enginn vanskilakostnaður"), input fields for "Fyrri vanskilgjald" and "Seinna vanskilgjald" with "Dagafjöldi" labels, and a "Kr." field for "Annar vansk. kostn.". A callout box says: "Hér er valið hvort vanskil skulu reiknuð í krónum eða prósentum. Einnig er valið hvort dagafjöldinn eigi að miðast við eindaga eða gjalddaga."
- Dráttarvextir kröfu:** Includes a checkbox for "Dráttarvextir reiknast" (checked) and "Engir dráttarvextir reiknast". A callout box says: "Dráttarvextir ákvarðast af Seðlabankanum ef hakað er við „Dráttarvextir reiknast“ en einnig er hægt að ákveða dráttarvaxtaþrósentuna með því að slá töluna inn."
- Afsláttur kröfu:** Includes a dropdown for "Afsláttarregla" (set to "Enginn afsláttur"), input fields for "Fyrri afsláttur" and "Seinni afsláttur" with "Dagafjöldi" labels. A callout box says: "Hér er valið hvort afsláttur skuli reiknast í krónum eða prósentum. Einnig er valið hvort dagafjöldinn eigi að miðast við eindaga eða gjalddaga."

At the bottom left, there is a button labeled "Stofna kröfu - ítarlegt" with a right-pointing arrow.



Nánari lýsing

Innheimtþjónustur	Þjónustur sem kröfuhafi er skráðu í hjá Landsbankanum. Nauðsynlegt er að velja þjónustu áður en aðrar upplýsingar um kröfuna eru slegnar inn.
Kennitala greiðanda	Kennitala þess sem krafan er stofnuð á.
Gjalddagi	Sá dagur sem dráttarvextir eru reiknaðir frá ef krafan er greidd eftir eindaga.
Eindagi	Síðasti dagur sem kröfugreiðandi getur greitt kröfuna án dráttarvaxta.
Niðurfelling	Niðurfellingardagur kröfunnar, þ.e. dagurinn sem krafan er felld niður.
Kröfunúmer	Seðilnúmer kröfunnar. Fyrsta kröfunúmerið þarf að slá inn en síðan hækkar kröfunúmerið um einn í hvert sinn sem ný krafa er stofnuð, þ.e. kröfunúmerin eru hlaupandi.
Upphæð	Höfuðstóll kröfunnar sem er til greiðslu á gjalddaga kröfunnar.
Tilvísun	Frjálst er að fylla út tilvísun kröfunnar en ef ekki er fyllt í þetta svæði skráist kennitala kröfugreiðanda sjálfkrafa inn í þetta svæði.
Viðskiptanúmer	Frjálst er að fylla út viðskiptanúmer en ef ekki er fyllt í þetta svæði skráist kennitala kröfugreiðanda sjálfkrafa inn í þetta svæði.
Prenttexti	Frjálst er að fylla textasvæðið út en svæðið er með allt að 500 táknum sem birtist sem aukatexti fyrir neðan seðilinn við útprintun.
Greiðsluregla	Segir til um hvort kröfugreiðandi megi greiða kröfuna ef eldri krafa er ógreidd eða hvort greiða verði eldri kröfur áður en ný krafa er greidd.
Innborgunarregla	Segir til um hvort kröfugreiðandi megi greiða inn á kröfuna, þ.e. greiða hluta þeirrar upphæðar sem krafan hljóðar upp á. Krafan helst áfram ógreidd og áframhaldandi dráttarvextir/vanskil miðast við ógreidda upphæð.
Kostnaður kröfu	Kostnaður sem ekki var skilgreindur í upphafi, t.d. kostnaður við sendingu greiðsluseðils, kostnaður við beingreiðslukröfu eða annar útlagður kostnaður.
Vanskil kröfu	Vanskilagjöld sem bætt er á kröfu. Velja má um prósentu eða krónutölu og viðmiðunardagsetningu sem er annaðhvort gjalddagi eða eindagi. Valinn dagafjöldi í vanskilagjöldum segir til um hversu margir dagar líða frá viðmiðunardegi þar til vanskilagjald leggst á kröfu.



Dráttarvextir kröfu Vextir sem kröfuhafi leggur á kröfu ef hún hefur ekki verið greidd fyrir eindaga. Notuð er dráttarvaxtaþrósenta Seðlabankans hverju sinni en leyfilegt er að gefa upp aðra (lægri) prósentutölu og er hún þá notuð við útreikning dráttarvaxta. Haka verður við hvort reikna eigi dráttarvexti eða ekki. Sé ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Afsláttur kröfu Afsláttur (í ISK) sem kröfugreiðandi fær, sé krafan greidd fyrir gjalddaga. Leyfilegt er að veita afslátt af kröfum hvort sem er í prósentum eða krónutölu. Hægt er að velja viðmiðunardagsetningu annaðhvort eindaga eða gjalddaga. Valinn dagafjöldi afsláttar segir til um hvenær afsláttur byrjar að gilda frá viðmiðunardagsetningu.

Hægt er að prenta út greiðsluseðla þegar þeir hafa verið stofnaðir, sjá bls. **Error! Bookmark not defined.** um útprentun greiðsluseðla.

Stofnupplýsingar þjónustu

Hér má sjá yfirlit yfir innheimtuþjónustuna eins og hún er stofnuð.

Stofnupplýsingar þjónustu ✉ 🖨

Þjónusta
037 - Reikningur ▼

Grunnupplýsingar		Bankaupplýsingar	
Textalykill	37	Útibú viðskiptabanka	0101
Auðkenni	037	Skuldfærslureikningur	00000000000000000000
Lýsing	Reikningur	Ráðstöfunarreikningur	00000000000000000000
Athugasemd			

Gjöld og reglur |
 Ítrekanir og milliinnheimta |
 Prentun |
 Aukaráðstöfunarreikningar |
 Tilvísanir, afslættir og gengi

Gjöld og reglur		Vanskil	
Seðilgjald	250 ISK	Vanskilaregla	
Rafrænt seðilgjald	0 ISK	Dagsviðmið	Enginn vanskilakostnaður
Annar kostnaður	0 ISK	Fyrri vanskilagjald	
Annar vansk. kost.	0 ISK	Fyrri dagafjöldi	0
Greiðsluregla	Greiða gjalddaga burtséð frá aldri	Seinna vanskilagjald	
Innborgunarregla	Greiða má inn á kröfu	Seinni dagafjöldi	0



Innheimtusamningur

